

# KJÖT LEIÐ

FIMMTUDAGUR 15. ÁGÚST 2019

Tíska



Margar frægar konur hafa haft gríðarleg áhrif á hártískuna í heiminum þótt það hafi ekki verið planlagt fyrir fram. ➔4



Jón Örn Stefánsson, eigandi Kjöt kompanís, segist meta árangur fyrirtækisins út frá ánægju og endurkomu viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Opnuðu fimm mínútum eftir „Guð blessi Ísland“

Þegar Jón Örn Stefánsson opnaði Kjöt kompaní fyrir tíu árum töldu fjölskylda og vinir galið að stofna fyrirtæki svo fljótt eftir hrun. Jón gaf lítið fyrir þær áhyggjur og í dag eru verslanirnar á tveimur stöðum. ➔2

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## Framhald af forsiðu →

**K**jötkompaní var opnað fimm mínútum eftir „Guð blessi Ísland“,“ segir Jón Örn. „Þetta var rétt eftir hrun og vinir okkar og fjölskylda héldu að við værum nú endanlega gengin af göflunum,“ bætir hann við.

Jón Örn segir að hann hafi lengi gælt við hugmyndina um að stofna verslun af þessu tagi. Hann var sannfærður um að það væri eftirspurn til staðar. „Hugmyndin að svona verslun var búin að vera lengi að krauma í kollinum á mér og ég var viss um að svona verslun vantaði í flórana hér á landi,“ segir Jón.

Hann virðist hafa hitt naglann á höfuðið en það sem hófst sem tveggja manna framtak er nú orðið að riflega 40 manna veldi þar sem fagmennskan ræður ríkjum. „Við byrjuðum tveir á bak við kjötbörðið en í dag erum við með rúmlega 40 starfsmenn,“ segir Jón Örn.

## Fagmennskan í fyrirrúmi

Hann segir helstu ástæðuna fyrir velgengi fyrirtækisins liggja í vönduðum vinnubrögðum og fagmennsku starfsmannahópsins.

„Það er alveg ljóst að þetta væri ekki hægt nema að vera með frábært starfsfólk innan okkar raða og við erum mjög stolt af þeirri fagmennsku sem við höfum í okkar starfsmannahópi,“ segir Jón Örn hreykinn.

Jón Örn segir ríka áherslu lagða á vönduð vinnubrögð þegar kemur að meðhöndlun afurða. Hann segir sérstöðu fyrirtækisins felast í því hvernig þau meðhöndla afurðirnar og því hvernig vörurnar eru keyptar inn. „Sérstaða okkar er til dæmis meðhöndlun okkar á þeim kjötvörum sem við bjóðum upp á ásamt því hvað við erum vandlát í gæðum á þeim kjötvörum sem við kaupum inn daglega,“ segir Jón Örn. Hann segir þau gefa sér góðan tíma í að undirbúa kjötið áður en viðskiptavinum gefst kostur á að kaupa það. „Nautakjötið sem við erum að kaupa inn í dag setjum við ekki í sölu fyrr en eftir 4 til 5 vikur,“ segir hann.

## Lágmark að steikin fái að hanga í 25 daga

Jón Örn segir að huga þurfi að mörgu við val á kjöti. Hann segir mikilvægt að gæta þess að kjötið sé vel fitusprengrt þegar nautakjöt er keypt. Þá sé lykilatriði að spyrja afgreiðslumannskjuna hvað steikin sé búin að hanga lengi. „Þegar þú ferð í kjötbúðina til að kaupa þér nautasteikina þá áttu alltaf að spyrja þann sem afgreiðir þig hvað steikin sé búin að fá að hanga lengi,“ segir hann. Og ef það stendur á svörum, þá sé hreinlega best að láta sig hverfa. „Ef afgreiðslumaðurinn getur ekki svarað því, þá ertu ekki á rétta staðnum. Svörin sem þú vilt fá að heyra eru að steikin sé búin að fá að hanga í lágmark 25 daga,“ segir Jón Örn.

## Wellington vinsæl

Jón Örn segir ýmislegt breytast í rekstrinum eftir árstíðum. Núna sé mest um grillmat og grillpakka með haustinu og lækkanði sól fer allt að snúast um jóln. „Það hefur skapast mikil hefð fyrir Wellington-nautalundinni um jóln og áramótin hjá okkur og er því undirbúningur strax farinn af stað fyrir það ásamt fleiri vinsælum vörulíðum um hátíðirnar eins og til dæmis paté-gerðin,“ segir Jón Örn.

„Eins eru jólahlaðborðin okkar sem við seljum tilbúin frá okkur beint á veisluborðið alltaf jafn vinsæl.“



Jón Örn Stefánsson, kjötiðnaðarmaður og eigandi sælkeraverslunarinnar Kjötkompaní, fagnar um þessar mundir tíu ára starfsafmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta var rétt eftir hrun og vinir okkar og fjölskylda héldu að við værum nú endanlega gengin af göflunum.

## Veisluþjónusta og tilbúnir réttir

Kjötkompaní býður einnig upp á vandada veisluþjónustu fyrir öll tilefni og segir Jón Örn að smáréttahlaðborðin njóti mestra vinsælda. Hann segir enn fremur að þau séu að bjóða upp á sífellt meira úrval af tilbúnum réttum á borð við súpur og lasagna en einnig er hægt að nálgast réttina í verslunum Krónunnar og henta þeir sérlega vel í amstri hversdagsins.

## Ítalískar gæðavörur beint frá Toscana

Kjötkompaní býður einnig upp á einstakt úrval af ekta ítölskum sælkeravörum á borð við jómfrúarolíu, pasta, ólífur og pasta-sósur sem koma beint frá Toscana á Ítalíu.

Þessi millilandavíðskipti byrjuðu fyrir þremur árum eftir að þau komust í kynni við fyrirtækið Savitar sem staðsett er í Toscana. „Þeir tóku okkur opnum örmum og aðstoðuðu okkur að leita uppi allar þær hágæða vörur sem við vildum og höfum nú í boði í verslunum okkar beint frá Toscana,“



Kjötkompaní býður meðal annars upp á ítalskar gæðavörur sem koma beint frá Toscana.



Smáréttirnir eru alltaf vinsælir að sögn Jóns.

segir Jón Örn. Metnadarfullir áhugakokkar og aðrir geta því stólað á það að vörurnar

býður upp á séu í hæsta mögulega gæðaflokki, enda eru þær valdar inn af mikilli kostgæfni.

## Fögnuður og freistandi tilboð

Í tilefni tíu ára afmælis Kjötkompanís verður efnt til hátíðarhalda núna á föstudag og laugardag, 16. og 17. ágúst nánar tiltekið. Kokkarnir munu standa vaktina við grillið fyrir framan verslunina í Hafnarfirði og gestum og gangandi gefst kostur á að gæða sér á ljúffengu göðgæti af ýmsum gerðum. Þá verða tilboð af ýmsu tagi á bodstólum í báðum verslunum frá fimmtudegi til laugardags og eru áhugasamir eindregið hvattir til að gera sér ferð í verslanirnar og skoða úrvalið. „Það verður fullt af flottum tilboðum í gangi hjá okkur um helgina og kokkarnir okkar verða með grillin logandi fyrir utan verslunina og gefa



Hjónin Jón Örn Stefánsson og Hildur Guðmundsdóttir.

smakk af alls kyns kræsingum,“ segir Jón Örn.

## Þakklæti efst í huga

Þegar Jón Örn lítur yfir farinn veg segir hann undanfarinn áratug hafa verið frábæran og að þakklæti í garð fastakúnna sé honum efst í huga. Hann segir þau meta árangurinn út frá tryggð viðskiptavina sem margir komi aftur og aftur. „Okkar mælikvarði á það hvernig við erum að standa okkur er þegar við sjáum sama fólk komi til okkar aftur.“ Hann segir

fólk meðvitað um gæði vörunnar og að það sé jafnframt hvatning til þess að gera enn betur. „Fólk er vel meðvitað um gæði vörunnar og það hjálpar okkur í því að reyna að gera betur í dag en í gær,“ segir Jón Örn. Hann er bjartsýnn á framhaldið og segir markmið fyrirtækisins skýr. „Árin eiga svo bara vonandi eftir að verða mörg í viðbót og okkar verkefni verður fyrst og fremst að standa okkur í gæðum, þjónustu og vörubrúun fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Jón Örn bjartsýnn.



NÝ HAUSTVARA

MOS MOSH

ZEITLOS BY LUANA

LA SALLE

FRANKWALDER

GARDEUR

STENSTRÖMS

# ÚTSALA VERÐHRUN

Verðdæmi

MOS MOSH gallabuxur ~~Verð 19.980~~ Nú 3.886

COPENHAGEN SHOES ~~Verð 14.980~~ Nú 5.992

GIL BRET frakki ~~Verð 39.980~~ Nú 15.992

APANGE kjóll ~~Verð 24.980~~ Nú 4.996

60-  
80%  
afsláttur

hjá  
*Hrafnhild*

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjáhrafnhildi.is](http://hjáhrafnhildi.is)

# Konur sem hafa skapað hártískuna

Það er á vissan hátt magnað hversu einstakar konur og menn að sjálf-sögðu líka geta skapað tísku sem fer um heiminn án þess að það sé ráð-gert. Þannig eru nokkrar konur sem hafa haft sterk áhrif á hártískuna.

Elín Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



brautryðjendur í hártísku. Elvis Presley var það líka á sínum bestu árum með gljáandi brílljantínið í hárinu. James Dean hafði sömuleiðis mikil áhrif á unga menn þegar hann kom fram á hvíta tjaldinu.

Þó að hér séu nokkrar konur taldar upp má alveg nefna Bítlanu sem gott dæmi um



## NÝJAR HAUSTVÖRUR 2019

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

**My Style** tiskuhús

Holtasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464

## NÝ SENDING ÚTSÖLULOK



Skipholti 21 | Sími 551 0770

www.tiskan.is

MaxMara B/A/S/L/E/R persona by MARINA RINALDI BRAX

### Grace Kelly

Allnokkrar frægar konur hafa haft gríðarleg áhrif á hártísku hvers tíma. Grace Kelly greiddi hárið alltaf upp og hafði síddina niður fyrir eyru. Hún var afar glæsileg kona sem eftir var tekið, bæði á hvíta tjaldinu og í einkalífínu. Glæsilega klædd og með einstaka framkomu. Grace fæddist árið 1929 en lést sviplega árið 1982, rétt tæplega 53 ára að aldri.



### Audrey Hepburn

Önnur heimsfræg Hollywoodstjarna, Audrey Hepburn, vann ekki einungis leiksigur í kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's heldur skapaði hún nýja tísku með þeirri mynd. Stutt svart kjóllinn hefur lifað síðan og sömuleiðis hárgreiðslan sem er eins og snúður efst á kollinum. Þannig hárgreiðsla er enn vinsæl, ekki síður en kjóllinn. Audrey var fædd árið 1929 eins og Grace og lést árið 1993.



### Shirley Temple

Ekki má gleyma barnastjörnunni Shirley Temple með ljósu lokkana. Shirley litla varð ein stærsta stjarna Hollywood og slöngulokkar eru gjarnan nefndir eftir henni. Kvikmyndaferill Shirley hófst þegar hún var þriggja ára og lauk þegar hún var 22 ára. Shirley fæddist árið 1928 og lést 2014.



### Brigitte Bardot

Brigitte Bardot var aðeins yngri, fædd árið 1934. Hún var ljóshærð með sitt hár sem varð gríðarlega eftirsótt hárgreiðsla á hipparunum. Brigitte var kyntákn á sjötta og sjöunda áratugnum. Á undanföllum árum hefur hún helgað líf sitt dýravernd. Brigitte er 85 ára.



### Twiggy

Ofurfyrirsætan Twiggy, fædd árið 1949, varð ákveðið tákn fyrir tánínga á sjöunda áratugnum og stutt hárgreiðsla hennar fór sigurför um heiminn því allar unglingsstúlkur vildu vera eins og hún. Twiggy var kjörin Andlit ársins 1966 í Bretlandi og ári síðar Kona ársins.



### Jackie Kennedy

Það er ekki nokkur vafi á því að Jackie Kennedy er kona sem hafði gríðarleg áhrif á tískuheiminn. Hún er enn ein glæsikonan sem var fædd árið 1929 og hafði bæði mikil áhrif í hár- og fatastíl. Jackie lést árið 1994. Jackie þótti klæðast afar kvenlegum fatnaði en Oleg Cassini var hennar helsti hönnuður og varð heimsfrægur fyrir starf sitt fyrir forsetafrúna fyrrverandi. Jackie sást mjög oft í afskaplega fallegum drögum úr vönduðum efnum og var óhrædd við líti.



### Diana prinsessa

Diana prinsessa er auðvitað enn eitt tiskugóðið. Bæði hár hennar og fatastíll þóttu einstaklega smekklegr en vakti hún athygli hvar sem hún kom. Diana var með þykkt og mikið hár sem hún hafði jafnan stutt. Greiðslan einkenndist af tísku þess tíma þegar hún var að stíga sín fyrstu spor í opinberu lífi. Smátt og smátt breyttist stíllinn enda hafði Diana færustu sérfræðinga sér til aðstoðar. Margir sakna Diönu sem lést í bílslysi árið 1997, þá 36 ára.



### Julia Roberts

Úr nýrri kvikmynda-sögu eru nokkrar konur sem hafa haft áhrif á hártískuna. Julia Roberts úr kvikmyndinni Pretty Woman með sitt síða, liðaða, rauða hár sem þótti fallegt og margar ungar konur reyndu að líkja eftir. Pretty Woman var frumsýnd árið 1990.



### Meg Ryan

Meg Ryan hafði meiriháttar áhrif á hárgreiðslu kvenna þegar kvikmyndin French Kiss leit dagsins ljós árið 1995. Stutt hár Meg með ljósum strípum varð til á næstum hverri einustu hárgreiðslustofu, jafnt hér á landi sem erlendis. Hárgreiðsla Meg úr öðrum kvikmyndum hennar höfðu sömuleiðis áhrif.



### Jennifer Aniston

Þá eru ótalin áhrif frá Friends-þáttunum. Jennifer Aniston hafði þar mest áhrif í þáttunum sem sýndir voru seint á tíunda áratugnum. Sítt hárið sem klippt er í styttr varð gríðarlega vinsælt og kallast einfaldlega The Rachel. Hægt er að ganga inn á flestar hárgreiðslustofur og biðja um þá hárgreiðslu, allir vita um hvað er beðið.



### Victoria Beckham

Loks má minnst á tiskuhönnuðinn Victoriu Beckham en margir segja að hárstíll hennar hafi komið sléttujárninu í tísku. Victoria er einn eftirsóttasti tískuhönnuður nútímans og hefur sannarlega mikil áhrif á tískuheiminn.



### Marilyn Monroe

Marilyn Monroe er vitaskuld eitt helsta kyntákn sögunnar. Þegar hvíti kjóllinn sveipaðist um í gústinum í bímyndinni The Seven Year Itch frá árinu 1955 þykir eitt eftirminnilegasta atriði kvikmyndasögunnar.



Það eru vitaskuld fleiri konur sem eru eftirminnilegar og má nefna þær Jane Fonda, Bo Derek, Farrah Fawcett og Miu Farrow.

# DIESEL



NEYMAR JR

## SPIRIT OF THE BRAVE

THE NEW FRAGRANCE



**20%** KYNNINGARAFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM DIESEL ILMUM 15. - 21. ÁGÚST  
FLOTTIR DIESEL KAUPAUKAR

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*

# Samstöðutákn í kjólatísku

Keffiyeh, sem er arabískur höfuðklútur, hefur lengi verið notaður sem tákn um samstöðu með íbúum Palestínu. Hefðbundið mynstur klútanna hefur sést í hönnun ýmissa tískumerkja í ár.

Sólrún  
Freyja Sen  
solrunfreyja@frettabladid.is



Á vefsíðu The Guardian kemur fram að hefðbundið, köflótt mynstur á arabískum höfuðklútum, eða keffiyeh, sé áberandi í haustlínu tískumerkisins Cecilie Copenhagen og hraðtískumerkjunum Boohoo og Asos.

Omar Joseph Nasser-Khoury, palestínskur fatahönnuður, segir að höfuðklútarnir tákní „eignarnám, kerfisbundinn tilflutning á fólki, morð án dóms og laga og kúgun“. Notkun fatahönnuða á keffiyeh er því óábyrg.

Í dag er umræðan um menningarnám sífellt að verða háværari. Það er ekki lengur vel liðið að vera til dæmis með höfuðbúnað



Sumir kjólarnir með Dodo Bar Or munstrinu kosta meira en 130.000 krónur.  
MYNDIR/NORDIC-  
PHOTOS/GETTY



SPARIIBUXUR, GALLABUXUR,  
TREGGINGS OG LEGGINGS

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verstunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

## ALGJÖRT VERÐHRUN Á ÚTSÖLU

Síðustu dagarnir

Aðeins 7 verð

1000  
2000  
3000  
4000  
5000  
6000  
7000

Str. 36-56

Allar útsölubuxur

kr. 3.900.-  
eða minna

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

að hætti frumbyggja Ameríku í partium og Kim Kardashian hefur dregið til baka umsókn sína um einkaréttinn á vörumerkinu Kimono, eftir að hafa sætt mikilli gagnrýni á samfélagsmiðlum.


**Þekkingin hverfur**

Þó virðist keffiyeh-munstrið á hönnun ýmissa fatamerkja í ár ekki mæta jafn harðri gagnrýni. Föt Cecilie Copenhagen með munstrinu kosta allt frá 12.000 til 30.000 króna. Ísraelska merkið Dodo Bar Or hefur sett munstrið á samfestinga og blússur, en merkið hefur notið mikilla vinsælda Instagram-stjarna frá því það var stofnað árið 2016. Kjóla Dodo Bar Or með munstrinu er suma hægt að kaupa á meira en 130.000 krónur.

Samkvæmt Nasser-Khoury er það orðið algengt að fatahönnuðir noti menningareinkenni og þjóðartákn í hagnaðarskyni. Með því hverfur smátt og smátt skilningur á sögu þjóðartáknanna og það normaliserar hernám Palestínu, samkvæmt Amani Hassan, fagstjóra miðstöðvar breskra Araba (BAC).

**Augljóst valda-ójafnvægi**

Á meðan fatahönnuðir nota keffiyeh-munstrið á tiskuklæðnað eykst óánægja í Palestínu með flutning bandaríska sendiráðsins í Ísrael til Jerúsalem, vonleysið á Gaza-ströndinni heldur áfram og í þokkabót voru nýbyggðir þúsund Ísraela á Vestur-



Munstrið er helst þekkt alþjóðlega sem tákn sjálfstæðisbaráttu Palestínu.

bakkanum samþykktar ólöglega af ísraelskum stjórnvöldum fyrir stuttu.

Þótt munstrið sé ekki bara táknrænt fyrir Palestínu, þá er það helst þekkt á alþjóðlegum vettvangi sem tákn um palestínska

sjálfstæðisbaráttu. Margir sem vilja sýna Palestínubúum samstöðu hafa klæðst höfuðklútunum. Samstöðutáknin er sambærilegt Che Guevara plakötunum fyrir unglina sem vilja sýna uppreisnargirni í takt við sósíalísta-leiðtogann. Nasser-Khoury segir að það sé augljóst valda-ójafnvægi sem kemur fram í notkun tískumerkja á munstrinu og beinir orðum sínum að Dorit Bar Or, sem á merkið Dodo Bar Or. „Fólk sem var gert eignalaust árið 1948 og gert að flóttamönnum býr enn í flóttamannabúðum í Líbanon á meðan þú notar klæðnað þess, sem felur í sér allan þennan sársauka, fyrir eigin upphefð.“ Dodo Bar Or neitaði að svara ásökunum Nasser-Khoury.



Margir sem vilja sýna samstöðu með Palestínubúum hafa klæðst keffiyeh-klútunum og eru þeir iðulega með sérstöku köflóttu munstri.

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Hiace 4x4 húsbíll. Bíll í toppstandi. Uppl. í s: 696-4589. Ársæll

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr bíl. Må vera dálítið ryðgaður og illa á sig kominn. Verður að vera í toppstandi og skoðaður. Staðgreiðist! Uppl. s: 480-2109

## VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Fjór hjól



**CFORCE 600**  
Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, tveggja manna.

**Kr. 1.649.900,-**



Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Hjólhýsi



### HJÓLHÝSI.COM

Seljum sýnishorn af Trigano uppblásnum fortjöldum á frábæru verði

Bali XL 1 stk Verð: 105.000 kr.

Lima410 1 stk Verð: 135.000 kr.  
Hægt að panta í gegnum síma 863-4449.

Bæjarhraun 24

Sími: 8634449

Netfang: www.hjolphysi.com

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnarþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

### SMÁVÉLAVIDGERDIR



Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvélur, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrússon.

### Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

**GEFÐU HÆNU**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar



### Ford Grand C-max - 7 manna

Nýskráður 5/2018, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð  
kr. 3.390.000

Afborgun kr. 43.018 á mánuði



### VW Passat Comfortline

Nýskráður 10/2013, ekinn 74 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð  
kr. 1.650.000

Afborgun kr. 23.683 á mánuði



### Skoda Octavia Combi 4x4

Nýskráður 6/2015, ekinn 76 þús.km., dísel, beinskíptur.

Verð  
kr. 2.190.000

Afborgun kr. 27.846 á mánuði



### Peugeot 108 Active

Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km., bensín, beinskíptur.

Tilboð  
kr. 790.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



### Honda CR-V Lifestyle

Nýskráður 12/2011, ekinn 98 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Verð  
kr. 1.790.000

Allt að 100% fjármögnun í boði

## Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta




Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU



Job.is



NOTAÐIR BÍLAR

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is




**VILT ÞÚ SELJA  
HÚSIÐ ÞITT?**


**STAKFELL**  
FASTEIGNASALA | 1984

☎ 535-1000

**HLAÐVARPIÐ**  
á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)  
hlustaðu þegar þér hentar



(☎) Lifum lengur



(☎) Helgin

FRETTABLAÐID.IS

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**  
SÍMI 533 4040  
[kjoreign@kjoreign.is](mailto:kjoreign@kjoreign.is)  
Opnunartími mán-fös kl. 9-17  
Pórarinn Friðriksson Lögg., fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • [www.kjoreign.is](http://www.kjoreign.is)

**Miðdalsvegur við Langavatn**  
Opnið hús, fimmtud. 15. ágúst, frá 17:30 – 18:30



**OPNIÐ HÚS**

Perla nálægt borginni. Kjöreign fasteignasala, Ármúli 21, sími 533-4040 kynnir: Einbýlishús (skráð sem sumarhús) á steyptri plötu, byggt 2008, húsið stendur á 0,5 hektara eignarlandi. Húsið er skráð 103,3 fm samkv. Þjóðskrá en inn í þeirri fermetratölu er ekki ca 30 fm kjallaryrmi. **Skipulag:** Jarðhæð: Eldhús, herbergi, baðherbergi og borðstofa/stofa með arni. **Efri hæð:** Eitt stórt alrymi þar sem hægt er að útbúa 2-3 svefnherbergi. Kjallari 30 fm. Rafmagnskynding er í húsinu. Fyrirhugaðar vegambætur eru á döfinni. **Mikill gróður er á lóðinni, aðalega birki og greni, auk 10 eplatrjáa. Virkilega fallegt nýlegt einbýlishús sem fengið hefur mjög gott viðhald.**

Pórarinn Friðriksson, Löggiltur fasteignasali • GSM 844-6353

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent\_

capacent.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðapjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Göngubraut: 69.500,-**

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.  
8 prógröm.  
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.  
Hámarks hraði 14 km/klst.  
Stærð brautar: 42x115 sm.  
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.  
Bíldshöfða 16, Rvk.

**PREKTÆKI**

**Geymsluskúrar / gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**

ÞAÐ ER ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Sími 512 5407 | [thjonusta@365.is](mailto:thjonusta@365.is)

**Snyrti & Nuddstofan Smart**  
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkn
- Tilboð 9.500,-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.  
Tímamantanir í s. 789 3031 • [snyrtiognuddstofansmart@gmail.com](mailto:snyrtiognuddstofansmart@gmail.com) og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is) [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)